

STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum um val
og veitingu prestsembætta nr. 144/2016.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 3. gr.:

- a. Við 1. málslið bætast við orðin: og ákvæði 7. gr. starfsmannalaga nr. 70/1996.
- b. 5. tölul. orðast svo: Að matsnefnd fjalli um umsóknir samkvæmt starfsreglum um val og veitingu prestsembætta.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

- a. 12. mgr. orðast svo:
Matsnefnd velur að jafnaði fjóra hæfstu umsækjendurna en þó aldrei fleiri en fimm.
- b. 15. mgr. orðast svo:
Að fenginni endanlegri niðurstöðu matsnefndarinnar sendir biskup kjörnefnd umsóknar-gögn, sbr. 8. gr.

5. gr.

4. mgr. 8. gr. fellur brott.

9. mgr. 8. gr. fellur brott.

6. gr.

9. gr. orðast svo:

Að undangenginni auglýsingu og matsferli og kjöri skipar biskup þann umsækjanda í embætti sem meirihluti kjörnefndar hefur kosið og kynnir umsækjendum niðurstöðuna samkvæmt 40. gr. laga nr. 78/1997.

7. gr.

1. málsliður 1. mgr. 13. gr. orðast svo:

Óski minnst fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess að almenn prestskosning fari fram er skyld að verða við því.

8. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 20. gr.:

Á eftir 1. mgr. kemur ný mgr. svohljóðandi:

Kosning er gild ef minnst fjórðungur atkvæðisbærra manna nýtir atkvæðisrétt sinn.

9. gr.

Nýr 4. málsliður 1. mgr. 21. gr. orðast svo:

Ef enginn hlýtur bindandi kosningu getur biskup skipað í embættið úr hópi umsækjenda þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða auglýst embættið að nýju.

Nr. 303

7. apríl 2017

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 7. apríl 2017.

Egill Heiðar Gíslason, varaforseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 7. apríl 2017